

Fimmtudaginn 16. nóvember 1995.

Nr. 504/1993.

Berghildur Gísladóttir

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og

samgönguráðherra

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Sjómenn. Vinnusamningur. Ríkisstarfsmaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1993. Hún krefst þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 2.726.235 krónur með dráttarvöxtum frá 6. júní 1992 til greiðsludags, en til vara 765.518 krónur með dráttarvöxtum frá 1. maí 1992 til greiðsludags. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 91.975 krónur með dráttarvöxtum frá 1. maí 1992 til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að kröfur verði stórlega lækkaðar og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Stefnandi máls þessa í héraði, Jón Arnórsson, andaðist 28. febrúar 1994. Ekkja hans, Berghildur Gísladóttir, fékk 4. mars 1994 leyfi sýslumannsins í Reykjavík til setu í óskiptu búi og tekur við fyrirsvári málsins hér fyrir dómi. Er heiti þess breytt í samræmi við það.

Í áfrýjunarstefnu var Skipaútgærð ríkisins stefnt. Hún var lögð niður með lögum nr. 53/1992. Kröfum á hendur henni var vísað frá héraðsdómi ex officio. Voru ekki lagaskilyrði til að áfrýja málinu á hendur henni.

I.

Aðalkrafa áfrýjanda er reist á því, að Jón heitinn Arnórsson hafi verið ríkisstarfsmaður í skilningi 1. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi

og skyldur starfsmanna ríkisins. Hafi hann því átt rétt á biðlaunum samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laganna, þegar Skipaútgerð ríkisins var lögð niður.

Ágreiningslaust er, að Jón Arnórsson var ráðinn skipstjóri hjá Skipaútgerð ríkisins á kjörum samkvæmt kjarasamningi Skipstjórafélags Íslands, en það félag gerir kjarasamninga á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Verður ekki talið, að lög nr. 38/1954 taki til þeirra manna, sem fá laun samkvæmt kjarasamningi á grundvelli hinna fyrrnefndu laga, nema það sé sérstaklega ákveðið með lögum. Aðild þeirra að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins breytir engu í því efni, en lagaákvæði um hann geta ekki skorið úr um réttarstöðu starfsmanna að þessu leyti. Er því staðfest sú niðurstaða héraðsdóms, að Jón Arnórsson hafi ekki verið ríkisstarfsmaður í skilningi 1. gr. laga nr. 38/1954 og hafi því ekki átt rétt til biðlauna samkvæmt 14. gr. laganna.

II.

Áfrýjandi styður varakröfu sína um laun í þriggja mánaða uppsagnarfresti við 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og kjarasamning Skipstjórafélags Íslands.

Eins og lýst er í héraðsdómi, leigði Skipaútgerð ríkisins 31. janúar 1992 m/s Esju án áhafnar Samskipum hf. með þurrleigusamningi. Fallist er á það með héraðsdómi, að um réttarstöðu Jóns Arnórssonar hafi þá farið samkvæmt 2. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga, sbr. 43. gr. laganna. Jón heitinn neytti ekki þeirra úrræða, sem honum var kostur á samkvæmt þeirri grein, heldur valdi að fara í þjónustu Samskipa hf. Hinn 17. janúar 1992 undirritaði hann eftirfarandi yfirlýsingu: „Ég undirritaður skipstjóri á ms. Esju lýsi því hér með yfir, að ég er tilbúinn til að ráða mig til starfa á skip í rekstri Samskipa hf., ef um yfirtöku útgerðarinnar á ms. Esju kemur endanlega til framkvæmda, á kjörum samkvæmt kjarasamningi míns stéttarfélags. Samskip hf. munu leitast við að ráða mig í samsvarandi stöðu og ég hefi verið skráður í á ms. Esju, en getur ekki tryggt að svo verði.“ Samkvæmt þessu réðst Jón heitinn að eigin ósk til Samskipa hf. og var þar skipstjóri til dauðadags. Ber samkvæmt þessu einnig að staðfesta héraðsdóm, að því er varakröfu áfrýjanda varðar.

III.

Prautavarakrafa áfrýjanda var fyrst sett fram fyrir Hæstarétti, og mótmæltu stefndu því, að hún fengi komist að. Krafist er greiðslu fyrir hafnarvinnuþóknun, sem sérstaklega var um samið milli skipstjóra hjá Skipaútgerð ríkisins og útgerðarinnar, og er miðað við þriggja mánaða uppsagnarfyrirvara. Enginn samningur var milli skipstjóra og Samskipa hf. um hafnarvinnuþóknun, og fékk Jón heitinn Arnórsson ekki þessa greiðslu, þegar hann fluttist yfir til Samskipa hf. Bæði í aðalkröfu og varakröfu er innifalin greiðsla vegna hafnarvinnuþóknunar, og verður því ekki talið, að um nýja kröfu sé að ræða.

Með vísan til þess, sem að framan er sagt um varakröfu áfrýjanda, verður þrautavarakrafan ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar

Þegar Jón heitinn Arnórsson varð skipstjóri hjá Skipaútgerð ríkisins, var ekki gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur. Var það í ósamræmi við ákvæði sjómannalaga, sbr. nú 42. gr. laga nr. 35/1985, og á hann ekki að bera halla af því í máli sem þessu. Við það ber að miða, að hann hafi verið ráðinn ótímabundið sem fastur starfsmaður útgerðarinnar í þessari stöðu, en ekki sem skipstjóri á tilteknu skipi hennar. Þá verður einnig að miða við, að laun hans hafi verið mánaðarlaun og föst í því tilliti, sbr. gr. 1.1.1. í fram lögðum kjarasamningi Skipstjórafélags Íslands, þótt fjárhæð þeirra hverju sinni gæti verið breytileg eftir úthaldsdögum í mánuðinum.

Fyrir liggur, að Jón heitinn var félagi í Lífeyrissjóði starfsmanna

ríkisins, frá því að hann hóf störf sem stýrimaður, í samræmi við gildandi tilhögun á réttindum yfirmanna á skipum útgerðarinnar. Mátti rekja þá tilhögun a. m. k. til 1. júlí 1944, þegar sjóðurinn tók til starfa í núverandi mynd samkvæmt lögum nr. 101/1943 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Virðast þáverandi yfirmenn allir hafa orðið félagar í sjóðnum við þau tímamót, enda hafi þeir átt þar heima samkvæmt ákvæðum 3. gr. laganna, sbr. 2. mgr. hennar. Á þeirri lagagrein urðu breytingar með nýjum lögum nr. 29/1963 um sjóðinn, sem enn eru í gildi. Í málinu hefur ekki verið skýrt til hlítar, hvaða texti 3. gr. þeirra hafi tekið til þessara starfsmanna, heldur hafa stefndu byggt á því, að lífeyrisréttindi Jóns hafi síðast ráðist af ákvæðum í 1. gr. þágildandi laga um lífeyrissjóð sjómanna, sbr. nú 2. gr. laga nr. 94/1994. Gegnir það nokkurri furðu, þar sem upphafleg ákvæði um yfirmenn á strandferðaskipum ríkissjóðs í lögum um þann sjóð, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1962, voru í raun sett til þess eins að gera því skóna, að yfirmennirnir ættu að vera áfram í sama sjóði, þótt undirmenn á skipunum fengju réttindi í sjóði sjómanna. Hvað sem þessu líður, verður að líta svo á, að aðild Jóns heitins að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skeri ekki úr um það, hvort hann hafi verið ríkisstarfsmaður í skilningi 1. gr. laga nr. 38/1954 og þannig átt rétt til biðlauna samkvæmt 14. gr. þeirra laga. Þar sem starfsréttindi hans réðust að öðru leyti í grundvallaratriðum af kjarasamningi Skipstjórafélags Íslands, er ég samþykkur þeirri niðurstöðu í I. kafla atkvæðis annarra dómenda, að svo verði ekki talið.

Eins og um ræðir í II. kafla atkvæðisins, átti Jón heitinn rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, ef lok yrðu á starfi hans hjá útgerðinni, eins og raun varð, þegar skipi hans var ráðstafað til Samskipa hf. á leigu án áhafnar. Hann féllst á það í samræmi við yfirlýsingu sína 17. janúar 1992, sem telja verður beint til hlutafélagsins, að taka við starfi sem skipstjóri hjá félaginu, þegar staða hans hjá Skipaútgerð ríkisins yrði lögð niður. Á yfirlýsingu þessa verður að líta sem þátt í þríhliða samkomulagi þess efnis, að Jón yrði áfram skipstjóri á ms. Esju (síðar ms. Kistufelli) fyrst um sinn. Fráleitt er að álykta, að Jón hafi með því viljað falla frá öllum réttindum, sem áskilinn frestur á uppsögn hans bar í sér, og ekki þarf að efast um, að það hafi verið eindregin ósk forráðamanna útgerðarinnar, að hann tæki umræddan kost. Var honum ekki nauðsynlegt

að hafa uppi sérstakan fyrirvara til verndar því, að hann gæti krafist greiðslu eða bóta fyrir launamissi, sem flutningur hans til annars vinnuveitanda hefði í för með sér, hvort heldur vegna ákvæða 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga eða annarra heimilda, sem við gátu átt. Er og á það að líta í þessu efni, að hann var ráðinn hjá útgerðinni, en ekki á skip sitt sérstaklega. Á hinn bóginn máttu forráðamenn útgerðarinnar líta svo á, að hann myndi taka þeim launum, sem greidd yrðu hjá Samskipum hf., án þess að gera kröfu til sams konar launa frá henni á uppsagnarfresti sínum.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða mín, að taka beri til greina þrautavarakröfu áfrýjanda um greiðslu hafnarvinnuþóknunar til Jóns Arnórssonar í þrjá mánuði, en hún hefði numið samtals 91. 343 krónum miðað við 21,67 virka daga í mánuði hverjum. Krafa þessi var innifalin í varakröfu áfrýjanda og varðaði fastan og verulegan þátt í reglubundnum launum skipstjórans, sem féll niður við starfslok hans hjá útgerðinni. Ber stefnda fjármálaráðherra að greiða áfrýjanda þessa fjárhæð ásamt dráttarvöxtum frá 1. maí 1992 til greiðsludags og 200.000 krónum samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til ríkislögmanns 16. nóvember 1992, sem ritað var vegna máls þessa og liggur frammi sem aðilaskýrsla af hálfu stefndu, er höfð uppi útlistun á þýðingu laga um lífeyrissjóð sjómanna fyrir réttarstöðu yfirmanna á skipum Skipaútgerðar ríkisins, en vanrækt að skýra á hinn bóginn, hvernig aðild þeirra að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins gat samrýmt lögum og reglum um þann sjóð. Var ráðuneytið fjarri því að gera viðhlítandi grein fyrir staðreyndum um stöðu þessara manna, sem máli gátu skipt og á færi þess var að upplýsa, og er þetta aðfinnsluverður þáttur í flutningi málsins.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. október 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 27. september sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Jóni Arnórssyni skipstjóra, Engjaseli 83, Reykjavík, með stefnu, birtri 16. október 1992, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík, samgönguráðherra f. h. samgöngu-

ráðuneytis, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu, Reykjavík, og Skipaútgerð ríkisins, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 2.726.235 kr. með dráttarvöxtum skv. 9., 10., 12. og 14. gr. l. nr. 25/1987, sbr. 4. og 5. gr. l. nr. 67/1989, frá 6. júní 1992 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði gert að greiða 765.518 kr. auk dráttarvaxta frá 1. maí 1992 skv. 9., 10., 12. og 14. gr. l. nr. 25/1987, sbr. 4. og 5. gr. l. nr. 67/1989, til greiðsludags. Enn fremur er gerð krafa um málskostnað [...].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu að mati réttarins.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst hafa unnið hjá stefnda Skipaútgerð ríkisins sem stýrimaður og afleysingaskipstjóri frá því í maí 1976 og sem skipstjóri frá því í júní-júlí 1984. Stefnandi hafi verið skipstjóri á ms. Esju undanfarin ár. Skipaútgerð ríkisins hafi hætt rekstri strandferðaskipa sinna um mánaðamót janúar/febrúar sl. Stefnanda hafi aldrei verið sagt upp starfi sem skipstjóra, sem hann hafi gegnt hjá stefnda. Stefnandi hafi frétt af því í fjölmiðlum, að hann væri hættur störfum hjá stefnda, engar tilkynningar hafi borist honum eða uppsagnarbréf.

Í 14. gr. l. nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segi: „Nú er staða lögð niður, og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði, frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins.“

Stefnandi hafi unnið hjá ríkinu sem ráðinn í þjónustu þess skv. 1. gr. nefndra laga í rúm 15 ár. Af þeim sökum eigi hann rétt á launum í 12 mánuði. Lögmaður stefnanda hafi krafist fjármálaráðuneytið um greiðslur, en því hafi verið neitað með bréfi, dags. 5. júní sl. Rök fjármálaráðuneytisins hafi aðeins verið þau, að stefnandi þægi laun skv. kjarasamningi Skipstjórafélags Íslands.

Stefnandi geri kröfu til vara í máli þessu og krefji þá um uppsagnarfyrirvara, sem ákveðinn sé í 8. kafla l. nr. 35/1985 um siglingar. Þar sé ákveðinn minnst þriggja mánaða uppsagnarfyrirvari. Stefnanda hafi aldrei verið sagt upp, hvorki munnlega né skriflega.

Stefnandi sundurliðar aðalkröfu sína svo:

„Vinnuárið er 21,67 dagar í 12 mánuði eða 260 dagar.

Föst daglaun	kr. 7.876
Strandferðabóknun skv. samningi	– 478
Hafnarvinnubóknun skv. sersamningi við Skipaútgerð ríkisins	– 1.415
Landgöngufé skv. samningi á hvern skráningardag	– 123
Samtals kr. 9.892”	

Ofangreind fjárhæð sé greiðsla fyrir hvern skráningardag. Síðan sé þetta margfaldað með 260 dögum, sem teljist vinnuárið skv. samningum. Samtals geri sú tala 2.571.920 kr. Við þá fjárhæð bætist lífeyrissjóðsiðgjald atvinnurekanda, 154.315 kr. Samtals nemi krafa þessi 2.725.235 krónum. Krafið sé um dráttarvexti í máli þessu frá dagsetningu bréfs fjármálaráðherra 5. júlí 1992, þar sem neitað sé um greiðslu til stefnanda. Af þeim sökum líti stefnandi svo á, að öll skuldin skv. 14. gr. framangreindra laga nr. 38/1954 sé í gjalddaga fallin. Ekki sé krafið um orlofsgreiðslur í máli þessu.

Varakrafa fyrir uppsagnarfyrirvara í þrjá mánuði sundurliðast þannig: Föst mánaðarlaun 214.359 kr. í 3 mánuði geri 643.077 kr. Á þessa fjárhæð bætist orlof, 13,04%, 83.857 kr., samtals 726.934 kr. Enn fremur bætist við 6% gjald atvinnurekanda í lífeyrissjóð á 643.077 kr., 38.584 kr. Samtals nemi varakrafan því 765.518 kr. Krafið sé um dráttarvexti frá 1. maí 1992 í máli þessu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á 1. gr. l. nr. 38/1954, en þar segi: „Lög þessi taka til hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf.”

Stefnandi hafi verið ráðinn í þjónustu ríkisins í skilningi þessarar lagagreinar, þó að hann hafi verið starfsmaður Skipaútgerðar ríkisins, sem sé sérstakt ríkisfyrirtæki að lögum. Stefnanda hafi aldrei verið tilkynnt eða lát-ið í ljós við hann, að hann væri ekki ríkisstarfsmaður. Þau rúmlega 15 ár, sem hann hafi starfað hjá Ríkisskip, hafi hann ekki vitað annað en hann væri ríkisstarfsmaður í skilningi framangreindra laga. Ef stefndi hefði ætlað að undanskilja stefnanda þeim beru og hreinu ákvæðum, sem séu í lögum, hefði orðið að gera sérstakan samning um það við stefnanda. Svo hafi ekki verið gert. Stefnandi hafi verið ráðinn á föstum launum hjá Skipaútgerð ríkisins í samræmi við framangreinda 1. gr. laga. Stefnandi hafi ekki tekið tímakaup, dagkaup eða vikukaup, heldur föst mánaðarlaun. Stefnandi vísar til Stjórnarfararsréttar Ólafs Jóhannessonar, bls. 89 og bls. 91, kröfu sinni til stuðnings, enn fremur til hæstaréttardóms frá 21. nóvember 1972 í máli nr. 158/1971. Verður umfjöllun hans þar að lútandi ekki rakin hér. Þá

vísar stefnandi til A-liðar 3. gr. 1. nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og til Hrd. 1945, 1171, kröfum sínum til stuðnings, en hann kveðst hafa verið í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, frá því að hann hóf störf hjá Skipaútgerð ríkisins.

Stefnandi kveður skipstjóra hjá Skipaútgerð ríkisins hafa haft sérstakan samning við Skipaútgerð ríkisins. Sá samningur sé studdur kjarasamningi skipstjórafélagsins, en skipstjórar hafi aukagreiðslur fyrir þóknun, sem kölluð sé hafnarvinnuþóknun, og séu það 1.415 kr. á hverjum degi vegna mikils og erfiðs vinnuálags á þá. Samningur Skipstjórafélags Íslands við Skipaútgerð ríkisins eða Vinnuveitendasamband Íslands sé því ekki allsendis gildandi um skipstjóra hjá Ríkisskip, því að telja verði, að þeir hafi haft sér-samning.

Röksemd stefnda fyrir því, að stefnandi eigi ekki að fá tólf mánaða bið-launin, sé sú, að því er best verði skilið, að stefndi sé félagi í Skipstjórafélagi Íslands og eigi því ekki réttindi skv. 1. gr. 1. nr. 38/1954. Stefnandi bendir á, að skipherrar hjá Landhelgisgæslunni vinni skv. launum Skipstjórafélags Íslands, en njóti engu að síður þeirrar verndar og réttinda, sem getið sé í lögum nr. 38/1954, og séu opinberir starfsmenn í merkingu laganna. Þá vinni sjúkrahússlæknar á Íslandi skv. samningum Læknafélags Íslands hjá íslenska ríkinu. Þeir hafi eigin lífeyrissjóð. Þeir séu ráðnir hjá íslenska ríkinu og njóti þeirra réttinda, er getið sé um í 1. nr. 38/1954, sem opinberir starfsmenn.

Stefnandi bendir á, að haldi atvinnurekandi því fram eftir á, að réttindi starfsmanns séu minni en ætla mætti, verði hann að sanna, að svo sé.

Stefnandi styður varakröfu sína með því að vísa til 8. kafla 1. nr. 35/1985 um siglingar, einkum 45. gr. Tekið skuli fram, að skipstjóra skuli segja upp skriflega skv. lögnum miðað við mánaðamót. Stefnanda hafi ekki verið sagt upp starfi ennþá. Hann geri engu að síður aðeins kröfu til þriggja mánaða uppsagnarfrests.

Málsástæður stefndu.

Stefndu kveða lög nr. 40/1967 um Skipaútgerð ríkisins hafa verið felld brott og starfsemi Skipaútgerðarinnar hætt með lögum nr. 53/1992, er gildi tóku 10. júní 1992. Hafi starfsmönnum verið sagt upp og stöður lagðar niður að öðru leyti en því, sem nauðsyn hafi verið á, til að ljúka lokauppgjöri á Skipaútgerð ríkisins. Í árslok 1991 hafi unnið 93 starfsmenn hjá fyrirtækinu, þar af 22 á skrifstofu og 36 á skipum. Þessum starfsmönnum hafi verið sagt upp störfum eða stöður þeirra lagðar niður, eftir því sem við hafi átt. Nokkrir starfsmenn á skrifstofu og vöruafgreiðslu hafi verið ráðnir til Sam-skipa hf. auk þrettán manna áhafnar á ms. Esju. Starfsmenn á skrifstofu,

sem hafi verið ríkisstarfsmenn, hafi sem slíkir notið biðlauna, eftir að störf þeirra voru lögð niður, en aðrir starfsmenn skipaútgerðarinnar hafi notið uppsagnarfrests, eftir því sem kjarasamningar þeirra ákváðu.

Áhöfn ms. Esju, þ. á m. stefnanda, hafi ekki verið sagt upp störfum hjá Skipaútgerð ríkisins, enda hafi skipið verið leigt Samskipum hf. með þurrleigusamningi, dags. 17. janúar 1992, með afhendingardegi 31. janúar 1992. Samkomulag hafi orðið um það, að áhöfnin yrði ráðin á skipið, sem hafi fengið nafnið ms. Kistufell af Samskipum, og hafi stefnandi starfað sem skipstjóri á því skipi frá febrúar 1992. Hafi Samskip hf. skuldbundið sig til að veita þessum starfsmönnum sömu ráðningarkjör og þeir hafi haft hjá skipaútgerðinni, jafnframt því sem skipverjarnir hafi undirritað viljayfirlýsingu þess efnis, að þeir væru tilbúnir til þess að ráða sig til starfa á skipi í rekstri Samskipa hf., ef yfirtaka útgerðarinnar á ms. Esju kæmi endanlega til framkvæmda, á kjörum kjarasamninga sinna stéttarfélaga. Hafi stefnandi m. a. undirritað slíka yfirlýsingu, dags. 17. janúar 1992, dskj. nr. 14.

Stefnandi eigi ekki lögvarinn rétt til biðlauna skv. 14. gr. 1. nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem hann hafi ekki fallið undir ákvæði þeirra laga í störfum sínum hjá Skipaútgerð ríkisins. Stefnandi hafi verið ráðinn til starfa hjá Skipaútgerð ríkisins samkvæmt kjarasamningi Skipstjórafélags Íslands, en það stéttarfélag geri kjarasamninga á grundvelli l. nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Starfsmenn, sem ráðnir séu hjá ríkinu og taki laun skv. kjarasamningum stéttarfélaga, sem starfi á grundvelli laga um stéttarfélög og vinnudeilur, en ekki laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, falli ekki undir ákvæði laga nr. 38/1954. Aðild stefnanda að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hafi grundvallast á sérstökum heimildarákvæðum 1. mgr. 2. gr. 1. nr. 49/1974, sbr. 1. gr. 1. nr. 48/1981, en ekki á því, að hann væri ríkisstarfsmaður í skilningi 1. gr. 1. nr. 38/1954, sbr. og dskj. nr. 11. Sé þeim lagasjónarmiðum stefnanda, sem lýst sé í stefnu um skilning á því, hverjir teljist ríkisstarfsmenn í skilningi 1. nr. 38/1954, eindregið vísað á bug.

Varakröfu stefnanda um laun í þrjá mánuði skv. 45. gr. 1. nr. 35/1985 er vísað á bug. Samskip hf. hafi tekið við skyldum skipaútgerðarinnar gagnvart stefnanda, og hafi hann verið ráðinn áfram skipstjóri þar á sama skipi, sem nú kallist ms. Kistufell. Stefnandi hafi með viljayfirlýsingu sinni á dskj. nr. 14 samþykkt þær breytingar, sem urðu á starfskjörum hans vegna yfirtökunnar og samnings Skipaútgerðar ríkisins og Samskipa hf. um þurrleigu á ms. Esju. Stefnandi eigi því engan bótarétt vegna starfsloka sinna hjá Skipaútgerð ríkisins, sbr. 2. og 3. mgr. 22. gr. 1. nr. 35/1985. Stefnandi hafi ekkert tjón beðið, sem sé bótaskyld skv. því ákvæði, sem enn fremur takmarki uppsagnarfrest við sex vikur, né skv. 45. gr. 1.

Í forsendum stefnukrafna sé í báðum tilvikum gert ráð fyrir því, að stefnandi eigi rétt til að fá greitt beint til sín iðgjaldahlut vinnuveitanda til lífeyrissjóðs. Þetta fái ekki staðist, þar sem stefnandi sé ekki réttur viðtakandi þeirra greiðslna. Kröfum stefnanda um strandferðabókun og landgöngufé er mótmælt.

Dráttarvaxtakröfu stefnanda er mótmælt. Í kröfugerð stefnanda sé ekki tekið tillit til þess, að laun hafi verið greidd eftir á. Ekki fái heldur staðist sú kröfugerð stefnanda, að biðlaunagreiðslur skv. 14. gr. 1. nr. 38/1954 gjaldfalli í heilu lagi, eins og þar sé gert ráð fyrir. Slíkar greiðslur falli í gjalddaga mánaðarlega. Því sé mótmælt, að stefnandi geti átt rétt til greiðslu dráttarvaxta af þeim hluta launa, sem halda beri eftir til staðgreiðslu skatta.

III.

Niðurstaða.

Skipaútgerð ríkisins er stefnt í máli þessu, en hún var lögð niður með l. nr. 53/1992 og var því ekki til, þegar málið var höfðað. Er kröfum á hendur Skipaútgerð ríkisins því vísað frá dómi ex officio. Aðild stefndu ríkissjóðs og samgönguráðuneytis er óumdeild.

Stefnandi heldur því fram í fyrsta lagi, að hann sé opinber starfsmaður í skilningi l. nr. 38/1954.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna taka þau til hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Ekki er ágreiningur um það með aðilum, að svar fjármálaráðuneytis á dskj. nr. 4 skuli skoðast sem úrskurður skv. 2. mgr. 1. gr. laganna, en þar er hafnað þeim skilningi stefnanda, að hann teljist opinber starfsmaður í skilningi laganna, með vísan til þess, að hann hafi þegið laun samkvæmt kjarasamningi Skipstjóraráðs Íslands.

Skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður við stefnanda, þegar hann réðst til starfa hjá Skipaútgerð ríkisins. Það er ágreiningslaust með aðilum, að um launakjör hans skyldi fara skv. kjarasamningi Skipstjóraráðs Íslands, auk þess sem samið var sérstaklega við stefnanda um greiðslur svokallaðrar hafnarvinnuþóknunar.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði verið á föstum mánaðarlaunum.

Guðmundur Einarsson, sem var forstjóri Skipaútgerðar ríkisins frá nóvember 1976, þar til hún var lögð niður 30. júní 1992, skýrði svo frá fyrir dómi, að reynt hefði verið að haga launagreiðslum til stefnanda þannig, að mánaðargreiðslur yrðu sem jafnastar, en síðan hefðu þær verið endanlega

gerðar upp um áramót, s. s., hvað menn áttu inni í fríum, en almennt hafi þeir tekið út fríin. Hann kvað stefnanda hafa verið sem nánast á föstum mánaðarlaunum, en það hefði þó ekki verið tryggt, heldur hefði starfið verið skipulagt þannig, að launin yrðu sem jöfnust. Hann kvað ekki hafa verið formlegt samkomulag um fastar greiðslur, heldur hefði verið um að ræða dagkaup, sem gert hefði verið upp mánaðarlega, þannig, að stefnandi hefði verið á mánaðarlaunum, en þó ekki föstum launum, hvað varði fjárhæð. Þessi háttur hefði verið hafður á til þess, að ekki yrði um mikil frávik í greiðslum til hans að ræða frá mánuði til mánaðar.

Stefnandi hefur lagt fram einn launaseðil, dags. 1. 11. 1991. Þar kemur fram, að laun stefnanda voru reiknuð út frá dagkaupi. Með hliðsjón af launaseðlinum og með vísan til framburðar Guðmundar Einarssonar er ósannað, að stefnandi hafi notið fastra launa í skilningi l. nr. 38/1954, en stefnandi hefur ekki lagt fram gögn, svo sem launaseðla yfir lengra tímabil, sem stutt gætu þá fullyrðingu hans, að mánaðarlaun hans hafi verið fast-ákveðin fjárhæð. Þá verður ekki við það miðað, að aðild stefnanda að Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna renni stoðum undir þá fullyrðingu hans, að hann hafi verið ráðinn opinber starfsmaður í skilningi l. nr. 38/1954 hjá Skipaútgerð ríkisins, en skv. 1. mgr. 2. gr. l. nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna, sbr. 1. gr. l. nr. 48/1981, er yfirmönnum strandferðaskipa ríkissjóðs veitt heimild til að vera í Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, en skv. 1. gr. eldri laga um Lífeyrissjóð sjómanna nr. 78/1970 var þeim skylt að vera í sjóðnum.

Um skipherra á skipum Landhelgisgæslunnar gilda sérstök lög. Þeir eru þar taldir vera opinberir starfsmenn, og verður ekki á það fallist, að aðild þeirra að Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna leiði til þeirrar niðurstöðu, að skipstjórar hjá Skipaútgerð ríkisins hafi þess vegna einnig verið opinberir starfsmenn, þótt þeir hafi átt aðild að sama lífeyrissjóði. Ekki verður heldur séð, að aðild lækna á Landspítala að sérstökum lífeyrissjóði þrátt fyrir stöðu sína sem opinberir starfsmenn renni stoðum undir þær fullyrðingar stefnanda, að hann sé opinber starfsmaður.

Varakrafa stefnanda er studd 45. gr. l. nr. 35/1985.

Þurrleigusamningur var skýrður svo fyrir dóminum, að samkvæmt slíkum samningi bæri leigutaki ábyrgð á öllum rekstri skipsins, tryggingarmálum, viðhaldi og áhöfn. Það komi fyrir, að skipstjóri fylgi með skipi, og sé hann þá í raun starfsmaður leigusala, þ. e. hann gæti hagsmuna hans gagnvart leigutaka, t. d. hvað varðar meðferð á skipinu. Svo hafi þó ekki verið í tilviki stefnanda.

Um réttarstöðu stefnanda, þegar skipið var selt í þurrleigu, fór skv. 2. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, enda verður að telja, að um samþærilegt tilvik sé að ræða og við sölu til annars innlands útgerðarmanns.

Væri sú niðurstaða óeðlileg, að réttarstaða skipverja væri skert við leigusölu.

Það liggur fyrir, að stefnandi nýtti sér ekki þann rétt, sem hann hafði skv. 2. mgr. 22. gr. 1. nr. 35/1985 til að segja lausu skiprúmi sínu, heldur samþykkti með viljayfirlýsingu sinni á dskj. nr. 14, blaði 3, framhald veru á skipinu í þjónustu nýs vinnuveitanda, og er því ekki á það fallist, að honum hafi verið vikið úr starfi skipstjóra, svo að bótaskyld sé, sbr. 2. mgr. 45. gr. 1. nr. 35/1985.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, og er þá einkum litið til þess, að ekki var séð til þess að gera skriflegan ráðningarsamning við stefnanda, svo að honum mættu vera ljós ráðningarkjör sín.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Kröfum stefnanda á hendur Skipaútgerð ríkisins er vísað frá dómi ex officio.

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík, og samgönguráðherra f. h. samgönguráðuneytis, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu, Reykjavík, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Arnórssonar, Engjaseli 83, Reykjavík, í máli þessu.

Aðilar beri hver sinn kostnað af málinu.
